

## VINNSLUSTÖÐIN



Stefanía Þorsteinsdóttir, Margrét Johnsen og Erla Óskarsdóttir snyrta fisk og pakka til frystingar.



Nýtt líf | 6



Stefán Runólfsson | 11



Shady Owens | 7



Haraldur Gíslason | 8

## Allt er sextugum fært

Vinnslustöðin hf. fagnar áfanga 30. desember 2006. Þá verða liðin sextíu ár frá stofnun Vinnslu- og miðstöðvar fiskframleiðenda í Eyjum. Nafni félagsins var breytt í Vinnslustöðin á aðalfundi 1952. Góða veislu gjöra skal af þessu tilefni en við fögnum líka tímamótunum með því að líta yfir farinn veg í máli og myndum í þessu afmælisblaði og með sýningu á ljósmyndum Sigurgeirs Jónassonar í Vélasalnum.

Afmælisbarnið minnst með virðingu og þökk starfsmanna, stjórnenda og allra annarra sem átt hafa samleið með fyrirtækinu undanfarna áratugi. Við óskum Vinnslustöðvarfólki og Eyjamönnum öllum til hamingju með áfangann og síðast en ekki síst: Gleðilega jólahátíð og farsælt nýtt ár!

## Mannlíf í Vinnslustöðinni

Sýningin Mannlíf í Vinnslustöðinni er opin almenningi frá laugardegi 16. desember 2006 til sunnudags 7. janúar 2007. Þar eru ljósmyndir sem Sigurgeir Jónasson hefur tekið af lífi og starfi í Vinnslustöðinni og víðar undanfarna áratugi; einstæðar heimildir um fólk og atvinnuhætti í Eyjum. Sýningin verður opin kl. 16:00-18:00 á virkum dögum og kl. 14:00-18:00 um helgar.

Fyrirverandi starfsmenn Vinnslustöðvarinnar taka á móti gestum með kaffi og kleinum að hætti hússins og ræða við þá um það sem fyrir augu ber á sýningunni.

Verið velkomin. Sjón er sögu ríkari!

# Vel rekið fyrirtæki – öflugt starfsfólk

„Vinnslustöðin er vel rekið fyrirtæki með dugmikla stjórnendur og öflugt starfsfólk. Það er mjög gaman að fá tækifæri til að fylgjast með því hvernig félagið hefur stöðugt verið að styrkja stöðu sína undanfarin ár sem er ekki síst að þakka áhuga og færni þeirra sem stýra daglegum rekstri,“ segir Gunnar Felixson, stjórnarformaður Vinnslustöðvarinnar frá því í maí 2004. Hann er ekki í hópi eigenda fyrirtækisins og situr því ekki í stjórn þess sem hluthafi heldur óskuðu núverandi eigendur VSV eftir því að hann tæki stjórnarformennskuna að sér í ljósi fyrri tengsla og kynna af sjávarútvegi í Eyjum um áratugaskeið. Gunnar starfaði hjá Tryggingamiðstöðinni óslitið frá 1960 til 2005, sem aðstoðarforstjóri frá 1976 og forstjóri frá 1991.

Á sínum tíma annaðist Tryggingamiðstöðin að hluta til tryggingamál Vinnslustöðvarinnar eða til ársins 1992 þegar Íslenskar sjávarafurðir, Olúfélagið og Vátryggingafélag Íslands eignuðust ráðandi hlut í VSV. Gunnar hafði því samskipti við stjórnendur Vinnslustöðvarinnar um árabíl, þar á meðal við framkvæmdastjórana Sighvat Bjarnason eldri og Stefán Runólfsson, svo einhverjir séu nefndir. Mest samskipti og samstarf hefur Gunnar samt átt við Harald Gíslason, einn af eigendum Vinnslustöðvarinnar, enda sat Har-



**Gunnar Felixson, stjórnarformaður Vinnslustöðvarinnar og Haraldur Gíslason, varaformaður stjórnar VSV. Myndin er tekin þegar þeir voru báðir í forystusveit Tryggingamiðstöðvarinnar. Tilefnið er trúlega afmæli Bataábyrgðarfélags Vestmannaeyja.**

aldur árum saman í stjórn Tryggingamiðstöðvarinnar.

„Ég hef fylgst með sjávarútvegsfyrirtækjum í Vestmannaeyjum í liðlega fjóra áratugi og hef alla tíð átt farsæl samskipti við Eyjamenn. Við trygðum mörg skip sem gerð voru út frá Eyjum, til dæmis togara útgerðarfélaganna Klakks og Samtogs. Eina áfallið, sem kemur upp í hugann varðandi tryggingar Vinnslustöðvarinnar, var

þegar togarann Klakkur fór á hliðina í slipp í Cuxhaven. Það var heilmikið mál á þeim tíma. Auðvitað gekk á ýmsu í rekstri fyrirtækja í Vestmannaeyjum eins og gengur og gerist yfirleitt. Þegar upp er staðið er hins vegar ánægjulegast að verða vitni að því hve miklu er hægt að áorka í fyrirtækjarekstri á tiltölulega skömmum tíma með samstilltu átaki allra sem málið varðar. Vinnslustöðin er lýsandi dæmi um það.“



**Starfsmenn mótuneytisins í Fiskiðjuni. Frá vinstri: Kristborg Jónsdóttir, Sigríður Haraldsdóttir, Ólafur Runólfsson, Esther Valdimarsdóttir og Jenný.**

## Vinnslustöðin 2006

Vinnslustöðin er stærsta fyrirtækið í Vestmannaeyjum, eitt af stærstu sjávarútvegsfyrirtækjum landsins og hið eina þeirra sem skráð er í Kauphöll Íslands. Vinnslustöðin er umsvifamikil í útgerð og landvinnslu og starfrækir bæði fiskvinnsluhús og fiskimjölsframleiðslu í Eyjum.

Vinnslustöðin hefur um 230 manns á launaskrá að jafnaði, þar af um 110 á sjó og gerir út 8 skip og báta: Brynjólf VE-3, Drangavík VE-80, Gandí VE-171, Gullberg VE-292, Jón Vídalín VE-82, Ísleif VE-63, Kap VE-4 og Sighvat Bjarnason VE-81.

Fyrirtækið fékk úthlutað aflaheimildum fyrir yfirstandandi fiskveiðiár sem jafngilda samtals um 16.000 þorskígildistonnum, þar af 10.300 í bolfiski.

Vinnslustöðin velti alls um 4,4 milljörðum króna árið 2005 og heildarlaunagreiðslur fyrirtækisins námu þá um 950 milljónum króna.

Hluthafar Vinnslustöðvarinnar hf. voru alls 408 í byrjun árs 2006, þar af fjórir sem áttu yfir 10% í félaginu: Stilla ehf., Vátryggingafélags Íslands, Seil ehf. og Lífeyrissjóður Vestmannaeyja. Eignarhaldinu má einnig lýsa á þann veg að um

## Fiskur í búri og ávöxtur í dós

Í ágúst 1950 lá fyrir stjórn Vinnslustöðvarinnar bréf frá Árna Friðrikssyni fiskifræðingi þar sem hann óskaði eftir að fyrirtækið eða aðrir aðilar í Vestmannaeyjum legðu fram 5.000 krónur til könnunar á að koma upp sjóbúri til fiskeldis í Eyjum. Taldi Árni líkur á að búrið yrði byggt hér og kostað af fleiri þjóðum. Stjórnarmenn Vinnslustöðvarinnar voru opnir fyrir nýjungum sem þessum og samþykktu að veita Árna umbeðinn styrk. Engar frekari sögur fara af þessari hugmynd um eldisfisk í sjóbúrum. Mánuði síðar var fært til bókar á stjórnarfundi að fyrirtækinu hafi áskotnast 500 dósir af niðursoðnum ávöxtum. Ekki var getið um hvernig sá fengur var til kominn. Stjórnin ákvað að úthluta 12 dósum á hvern bát félagsmanna án þess að reikna bátunum andvirðið. Niðursoðnir ávextir, að maður tali nú ekki um löðrandi í þeyttum rjóma, voru ekki algengar krásir á þessum tíma.



**Ágúst Matthíasson framkvæmdastjóri, Fiskiðjunnar, og nigerískur kaupmaður spá í skreið.**



„Vinnlustöðin er gott fyrirtæki sem gengur vel. Stjórnendurnir eru metnaðarfullur og samhentur hópur sem ég er afar stoltur af að hafa tekið þátt í að búa til. Þegar Sigurgeir Brynjar var ráðinn framkvæmdastjóri sagðist ég vilja sjá skjótan árangur við að rétta Vinnlustöðina af; annars yrði hann snarlega að taka pokann sinn! Binni og félagar vissu hins vegar vel hvað þeir sungu. Frammistaða þeirra er framar öllum vonum eins og staða fyrirtækisins nú sannar hvað best,“ segir Geir Magnússon, fyrrverandi forstjóri Olíufélagsins ESSO hf. Hann var stjórnarformaður Vinnlustöðvarinnar 1994-2000, á miklu erfiðleikaskeiði í sögu fyrirtækisins. Á tímabili var það að þrotum komið, í orðsins fyllstu merkingu.

### Erfiðleikar og þáttur Sighvats Bjarnasonar

„Ég kom fyrst inn í stjórn Vinnlustöðvarinnar í kjölfar breytinga á eignarhaldi 1992. Félagið var afar skuldugt og hafði lítið eigið fé. Vanskil voru veruleg og aðalverkefni nýrrar stjórnar var að semja um skuldir og koma lagi á fjármálin til að félagið hefði rekstrarfé svo hægt væri að reka það án dráttarvaxta. Vinnlustöðin var orðin stórskuldug við Olíufélagið og gat ekki tryggt greiðslu skuldanna. Olíufélagið taldi hag sínum best borgið með því að breyta hluta skulda í hlutafé og aðstoða við að gera félagið rekstrarhæft að nýju. Vinnlustöðin var í viðskiptum við Íslandsbanka og skuldaði honum líka háar fjárhæðir. Bankinn afskrifaði um þetta leyti mörg hundruð milljónir króna en með tímanum tókst að tryggja að hann og aðrir lánadrottmar töpuðu ekki á viðskiptum við félagið. Það tókst sem sagt að bæta reksturinn og koma reiðum á fjármálin. Þá blasti við að mikil þörf var á að endurnýja í landvinnslu og í skipafloata VSV. Meðal annars var fjárfest í nýjum búnaði til loðnufrystingar og skip voru keypt og seld. Einhvern veginn tókst að haga málum þannig að félagið hagnaðist yfirleitt á þessum skipaviðskiptum sínum. Dæmi voru hins vegar um hið gagnstæða, fyrst og fremst varðandi frystiskipið Guldrang í Færeyjum. Vinnlustöðin seldi hlut sinn í þeirri útgerð árið 2000 og tapaði miklum fjármunum. Þetta var lengst af mikil varnarbarátta og ég vil sérstaklega nefna þátt Sighvats Bjarnasonar yngri í því sambandi. Hann tók að sér það erfiða verkefni að gegna framkvæmdastjórarstarfi Vinnlustöðvarinnar í kröftugum mótvindi og yfirgaf til þess starfsvettvang í Frakklandi þar sem honum gekk vel. Því skal til skila haldið að með því að vera í forystu fyrir uppbyggingu og endurbótum varðandi bæði veiðar og vinnslu á hann stóran þátt í að það tókst að rétta fyrirtækið af. Sighvatur gaf Vinnlustöðinni þá orku sem hann átti, í orðsins fyllstu merkingu, og náði árangri. Ég er samt á því að hann hafi ekki fengið verðskuldaða viðurkenningu fyrir það sem hann skilaði Vinnlustöðinni og Eyjasamfélaginu.“

### Stjórnarformanni lesinn pistill í fréttatímum

Í árslok 1996 sameinaðist Meitillinn í Þorlákshöfn Vinnlustöðinni undir nafni síðarnefnda félagsins. Aðeins hálfu þriðja ári síðar ákvað Vinnlustöðin að hætta eigin rekstri í Þorlákshöfn og selja Frostfiski hf. hús og tæki á staðn-



Geir Magnússon á aðalfundi Vinnlustöðvarinnar.

## Fyrrum stjórnarformaður lítur stoltur um öxl

um. Vinnlustöðvarmenn sættu harðri gagnrýni og sveitarstjórn Ölfushrepps las Geir Magnússyni pistillinn í fréttatíma eftir fréttatíma á öldum ljósvakans. Geir segir að dómur reynslunnar í þessu máli sé fyrir löngu fallinn og tvímælalasta Vinnlustöðinni í vil að öllu leyti.

„Við gáfum fyrirheit um að fiskvinnsla og aflaheimildir yrðu áfram í Þorlákshöfn eftir sameininguna. Meitillinn hafði náð góðum árangri í bol-fiskvinnslu en vantaði meira hráefni. Vinnlustöðin státaði ekki af eins góðum árangri á þessu sviði en Eyjamenn reyndust tregir til að láta vinna bolfisk úr „sínun kvóta“ í Þorlákshöfn. Þetta skapaði nokkra spennu og erfiðleika. Svptingar í gengi og á erlendum mörkuðum urðu síðan til þess að fylla mælinn og Vinnlustöðin ákvað að hætta þessum rekstri á meginlandinu. Við vorum hins vegar svo heppnir, Vinnlustöðvarmenn, að fá góða kaupendur að rekstrinum í Þorlákshöfn, Frostfisk. Ráðamenn þess félags ætluðu sér að halda starfsemi áfram á staðnum og efla hana eftir föngum. Það hefur allt gengið eftir og þar með var staðið við upphaflegt loforð Vinnlustöðvarinnar um að fiskvinnsla skapaði áfram atvinnu og starfsöryggi í Þorlákshöfn.“

### Sameiningarviðræður við Ísfélagið

Mikla athygli vakti þegar spurðist út sumarið 1999 að fyrir lægi viljayfirlýsing um samruna Vinnlustöðvarinnar, Ísfélagsins, Krossaness á Akureyri og Óslands á Höfn. Enn meiri athygli vakti þegar Vinnlustöðin sleit þessum viðræðum í nóvember sama ár. Sameining Vinnlustöðvarinnar og Ísfélagsins var reynd á ný ári síðar en þegar til kom var ekki heldur vilji til slíks þá af hálfu fyrrnefnda félagsins. Um þetta segir Geir Magnússon:

„Algennt var á þessum tíma að sameina fyrirtæki í sjávarútvegi og talað um að eftir fáein ár yrðu fá en öflug fyrirtæki í greininni hérlendis.

Nokkur stór sjávarútvegsfyrirtæki sýndu Vinnlustöðinni áhuga en eigendur hennar voru samtiga um að tryggja með öllum ráðum að fyrirtækið yrði áfram í Vestmannaeyjum. Þá kom upp í tvígang sú hugmynd að sameina Vinnlustöðina og Ísfélagið. Ég studdi þessa sameiningu og er enn þeirrar skoðunar að þarna hefði orðið til öflugt fyrirtæki í eigu Eyjamanna. Ég deildi þeirri skoðun með Sigurði heitnum Einarssyni hjá Ísfélaginu að á þennan hátt yrði unnt í framhaldinu að sameinast fyrirtækjum á meginlandinu á forsendum hins stóra sameinaða fyrirtækis í Eyjum. Með öðrum orðum yrðu höfuðstöðvarnar alltaf þar. Sameiningarhugmyndirnar mættu hins vegar mikilli andstöðu meðal Eyjamanna í hluthafahópnum og víðar í Vestmannaeyjum og þar með var málið úr sögunni. Eftir á að hyggja er ekkert víst að sameiningin hefði verið rétta leiðin til að tryggja sem best hagsmuni Vinnlustöðvarinnar og Ísfélagsins því eins og menn vita eru þessi fyrirtæki góð og öflug, hvort í sínu lagi og á sinn hátt.“

### Óhjálkæmleigar fjöldauppsagnir

„Á sínum tíma háðum við tvísýna varnarbaráttu og í því ljósi vil ég líta ýmsar hugmyndir og aðgerðir sem margar hverjar voru umdeildar og jafnvel afar sársaukafullar. Erfiðustu stundirnar voru árið 1999 þegar við neyddumst til að grípa til fjöldauppsagna starfsfólks. Það tók verulega á en reynslan sýnir að þarna var brugðist rétt við. Uppsagnirnar og fleiri ráðstafanir björguðu einfaldlega Vinnlustöðinni og lögðu grunn að því öflugra fyrirtæki sem hún er nú. Störfingur eru miklu öruggari en áður og Vinnlustöðin er orðin öflugur bakhjarl sjálfrar byggðarinnar í Vestmannaeyjum. Ég er bæði stoltur yfir og ánægður með hvernig til hefur tekist og óska Eyjamönnum til hamingju í tilefni af sextugsafmæli Vinnlustöðvarinnar,“ segir Geir Magnússon.

## Með Vinnslustöðina í blóðinu

Sigurbjörg R. Guðnadóttir var kvödd með virktum í Vinnslustöðinni 30. júní 2005 og skyldi nú engan undra. Hún var þá að láta af störfum eftir hafa verið hjá fyrirtækinu samfelld í 53 ár eða frá því 1. ágúst 1952! Allur starfsferill Systu var í þágu Vinnslustöðvarinnar og meira að segja tvö sumur líka á árunum þegar hún gekk í Gagnfræðaskóla Austurbæjar í Reykjavík. Skyldfólk hennar flutti suður og frænka á sama aldri fór í Gaggó Aust. Systa vildi suður líka og settist þar á skólabekk. Einu sinni í páskafríi vann hún í fiski hjá Einari ríka í Hraðfrystistöðinni. Það eru einu handtökin hennar á ævinni í þágu annarra atvinnurekenda en Vinnslustöðvarinnar þar sem Systa skilaði lífsverkinu sínu með miklum sóma og samviskusemi. Hún var lengst af í bókhaldi og gerðist svo gjaldkeri. Síðustu árin svaraði hún í síma, sá um kaffi handa skrifstofufólkinu og sinni ýmsu öðru sem enginn annar nennti að skipta sér af!

„Mér leið alltaf vel í Vinnslustöðinni og er með þetta fyrirtæki nánast í blóðinu!“ segir Systa. „Auðvitað voru stundum sviptingar og nýir síðir komu með nýjum herrum. Þá var bara að laga sig að aðstæðum hverju sinni og aldrei hvarflaði að mér að skipta um vinnustað. Það er bjart yfir Vinnslustöðinni og mér líst afskaplega vel á



Vinnslustöðin heiðraði Systu í tilefni af 50 ára starfsamæli hennar í árlegu jólakaffi félagsins árið 2002. Binni framkvæmdastjóri afhenti henni veglega blómakörfu.

## Réttar ákvarðanir á réttum tíma

„Stjórnarsetan í Vinnslustöðinni var viðburðaríkur og mjög skemmtilegur tími í alla staði. Ef lítið er til baka má segja að gæfa okkar, sem komum að fyrirtækinu á þeim tíma sem ég var í stjórn þess, var að teknar voru réttar ákvarðanir á réttum tíma og þær áttu sinn þátt í að snúa taprekstri í viðvarandi hagnað á traustum rekstrargrunni. Það er ekki síst að þakka frábæru starfsliði fyrirtækisins undir traustri stjórn

Binna,“ segir Jakob Bjarnason, framkvæmdastjóri sérverkefna hjá Kaupþingi banka hf. Hann var stjórnarformaður Vinnslustöðvarinnar á árunum 2000 til 2004, fyrst sem fulltrúi Olúfélagsins hf. en síðan að ósk annarra eigenda VSV eftir að Olúfélagið seldi hlut sinn í fyrirtækinu.

„Þegar ég kom í stjórn Vinnslustöðvarinnar hafði fyrirtækið verið rekið með miklu tapi og mikill órói og óvissa verið í kringum eignarhaldið

og framtíðarrekstur þess. Mikil orka stjórnenda hafði farið í að laga til í rekstrinum og kveða niður ýmsa fortíðardrauga til að geta hafið uppbyggingarstarf. Mikil þörf var á að þeir hefðu bæði frið og svigrúm til að gera það sem þurfti til að geta klárað þessa vinnu. Í stjórninni sátu menn með mismunandi bakgrunn og sjónarmið sem lögðu allan fyrri ágreining sín á milli til hliðar og tóku höndum saman um að gera veg fyrirtækisins sem mestan. Þar komu að úrvalsmenn eins og Halli Gísla, Gulli heitinn, kenndur við Gandí, og Maggi Kristins sem allir höfðu mikið til málanna að leggja. Menn höfðu stundum ólík viðhorf til hlutanna en gátu skipst á skoðunum, jafnvel tekst á, en alltaf komist að lokum að sameiginlegri niðurstöðu fyrir hópinn. Það má einfaldlega segja að allt hafi gengið upp hjá okkur á þessum árum því samfara góðu rekstrarumhverfi skiluðu svo til allar rekstrarlegar ákvarðanir og fjárfestingar fyrirtækisins því sem til var ætlast og jafnvel gott betur. Sem dæmi um þetta er hægt að nefna sameininguna við Gandí ehf. sumarið 2000 og kaupin á Jóni Erlingssyni ehf. í Sandgerði vorið 2001. Ég hef verið mjög lánsamur að hafa fengið tækifæri til að kynna mörgu góðu fólki í Eyjum og er glaður yfir að hafa tekið þátt í að gera Vinnslustöðina að því góða fyrirtæki sem hún sannarlega er. Allar minningar frá þessum tíma eru góðar.“



Jakob Bjarnason uppáklæddur í heimsókn í Vinnslustöðinni.



# Vinnslustöðin og menningin

Skyldu Bubbi Mortens, Shady Owens, Práinn Bertelsson, Eggert Þorleifsson, Karl Ágúst Úlfs-son, Sólveig Anspach, Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir og Ingvar E. Sigurðsson eiga eitthvað sameiginlegt? Sjálfsagt ýmislegt ef að er gáð en eitt er víst; þau hafa öll unnið í Vinnslustöðinni, hvert á sinn hátt. Bubbi og Shady voru þar í fiski en Práinn, Eggert, Karl Ágúst, Sólveig, Steinunn Ólína og Ingvar E. aðallega í kvikmyndagerð.

Práinn skrifaði handrit að Nýju lífi, fyrstu kvikmyndinni af þremur í „lífsseríu“ sinni. Myndin var tekin upp í Eyjum 1983, að stórum hluta í Vinnslustöðinni. Þjónninn Daníel og kokkurinn Þór voru reknir úr starfi á Grillinu á Hótel Sögu og þvældust til Eyja til starfa í fiskvinnslu á afar fölskum forsendum. Drengirnir voru skrautlegir karakterar og atburðarásin eftir því.

Práinn gerði gott betur nokkrum árum síðar og tók upp í Eyjum geysivinsæla þætti sína, Sigla himinfley, til sýningar í Sjónvarpinu 1994. Þar var fjallað um útgerðarmann og fjölskyldu hans og fyrirtæki. Vinnslustöðin var einn af tókustöðunum.

Enn komu Vinnslustöðin og Eyjar við sögu í kvikmynd sem frumsýnd var 2003, Stormy Weather, í leikstjórn Sólveigar Anspach. Þar er fjallað um miðaldra íslenska konu sem á við geðræn



**Didða Jónsdóttir t.v. hlaut Edduverðlaun fyrir hlutverk sitt í kvikmyndinni Stormy Weather sem tekin var upp að hluta í Vinnslustöðinni. Hér eru þær Sólveig Anspach leikstjóri við frumsýninguna.**

vandamál að stríða. Hún er send heim til Vestmannaeyja og þangað eltir hana sálfræðingur einn af frönsku geðsjúkrahusi. Sólveig er fædd í Vestmannaeyjum og tengist Vinnslustöðinni meira að segja fjölskylduböndum. Afi hennar, Sigurður Friðriksson, var verkstjóri í VSV áratug-

um saman og Sólveig sjálf vann þar að minnsta kosti eitt sumar á árum áður.

Fjöldi Eyjamanna lék í þessum kvikmyndum öllum eða tók þátt í ævintýrunum á annan hátt. Myndirnar varðveita því verðmætar minningar um fólk, tilveru og atvinnulíf í Vestmannaeyjum.

## Menningarsjóður Eyjanna



**Sigurgeir Jónasson fangar viðfansefni í linsuna.**

„Við höfum komið um 9.000 myndum í stafrænt form og margar þeirra eru komnar á heimasíðuna <http://www.sigurgeir.is>. Það sér varla högg á vatni því í safninu öllu eru milljónir mynda á filmum, litskyggnum eða pappír en við erum þó komin af stað með verkefni sem í sjálfu sér er óendanlegt.“ segir Sigurgeir Jónasson ljósmyndari. Vinnslustöðin og Ísfélagið samþykktu að styðja hann til að hefjast handa við að flokka og skrá myndasafnið sitt, jafnframt því að skanna myndir og koma þeim í tölvutækt form til vinnslu og kynningar. Vinnslustöðin veitti fjármuni til verkefnisins og Ísfélagið lagði því til húsnæði að Strandvegi 28. Sigurgeir og fjölskylda stofnuðu félag um starfsemina, Sigurgeir ljósmyndara ehf. Katrín Stefánsdóttir var ráðin til starfa við að flokka og skanna myndir, fyrst í hálfu starfi en nú sinnir hún verkinu í fullu starfi.

Stjórn Vinnslustöðvarinnar ákvað að styrkja skráningu myndasafns Sigurgeirs í tilefni af sextugsamæli fyrirtækisins. Undanfarin ár hafa

nokkrar mannlífsmyndir úr safninu, tengdar starfsemi VSV, verið birtar í ársskýrslum fyrirtækisins. Viðbrögðin leyndu sér ekki og skyndilega urðu ársskýrslur VSV mun eftirsóttari rit en menn höfðu áður kynnst. Það varð að ráði að efna til afmælisýningar á völdum ljósmyndum, sem tengjast sögu VSV, og birta sömuleiðis nokkrar þeirra hér í afmælisblaðinu.

Ljósmyndasafnið er ekkert minna en menningarsjóður Eyjanna og í raun landsins alls. Sigurgeir skráir bæði mannlíf, atvinnusögu og náttúru með myndavélinni sinni. Hann á myndir af flestum sem búið hafa í Vestmannaeyjum frá því um 1950 og sjávarútvegurinn hefur alltaf skipað sérstakan sess hjá honum við val viðfangsefna. Ýmsir algengir verkþættir til sjós og lands heyra nú sögunni til, þar á meðal í Vinnslustöðinni, en varðveitast sem betur fer í myndum Sigurgeirs Jónassonar.

# Karakterar í Nýju lífi fengnir að láni úr Eyjasamfélaginu

„Eyjamenn eru sómafólk og sjálfar Eyjarnar ein mesta náttúruperla veraldar. Þarna voru allar hindranir yfirstíganlegar og hugarfarið slíkt að öllu væri hægt að redda,“ segir Þráinn Bertelsson kvikmyndagerðarmaður. Hann upplýsir að rekja megi kynni sín af Eyjamönnum að nokkru með því einfaldlega að horfa á Nýtt líf og Sigla himinfley; suma karaktera hafi hann spunnið í kringum þekkt fólk í Eyjum og ýmsir viðburðir í myndunum séu í raun stílfærðar en sannar sögur.

### Sjúss handa Vestur-Íslendingi

„Ég kynntist Vestmannaeyjum á menntaskólaárunum í sumarvinnu í Fiskiðjunni. Þegar ég fór svo síðar í kvikmyndagerð kom fljótlega upp hugmynd um að gera eitthvað sem tengdist sjávarútvegi, grunnatvinnuvegi þjóðarinnar. Þá kom ekkert annað til greina en Eyjar. Ein fræg sena í Nýju lífi á til dæmis rætur að rekja beint til eigin lífsreynslu frá því þarna um sumarið í Fiskiðjunni, það er að segja þegar Danni þykist vera Vestur-Íslendingurinn John Reagan, meira að segja skyldur Reagan, þáverandi Bandaríkjaforseta, og fær að drekka ótæpilega út á uppruna sinn. Ég vissi að von væri á heilum flugfarmi af Vestur-Íslendingum til Eyja og laug upp á mig að vera sá fyrsti sem kæmi á vettvang úr þeim hópi. Út á það fékk ég marga stóra og góða sjússa en þurfti að forða mér á hlaupum svo ég yrði ekki laminn þegar upp komst um svikin.

Ég heyrði líka sögu í Eyjum af bankastjóra sem komst ekki í andlegt samband við heimafólk fyrr en hann datt rækilega í ríða, úthúðaði Eyjamönnum og át túlípána úr blómavasa. Eftir það varð hann heilagur maður á staðnum. Þessari sögu stal ég og notaði í Sigla himinfley. Þannig má lengi telja og satt að segja ákváðum við Ari Krist-



Upptaka á Nýju lífi. Sveinn Tómasson og Eggert Þorleifsson um borð í Glófaxa VE.

insson kvikmyndatökumaður strax í upphafi vinnunnar við Nýtt líf að byggja alla atburðarásina á raunverulegum atburðum og karakterum. Af nógu var að taka.“

### Fyrsta dogmamyndin – alveg óvart

Þráinn segir að Sveinn Einarsson hafi upphaflega orðað við sig að gera þáttaröð fyrir sjónvarp og hafi sjávarútvegur og Eyjar strax komið upp í hugann. „Enginn annar staður á landinu kom til greina sem vettvangur þeirrar sögu. Vestmannaeyjar eru smækkuð mynd af Íslandi en allt er svo miklu gegnsærra þar en á meginlandinu og tengslin við undirstöðuatvinnuveginna augljósari og skýrari en þekkt víðast annars staðar. Ég var hreinlega heppinn að fá að kynnast svo stórkostlegu samfélagi og verð Eyjamönnum eilíflega

þakklátur fyrir viðtökurnar og samstarfið. Það kom svo á daginn að Nýtt líf var miklu merkilegri mynd en ég gerði mér grein fyrir þegar hún varð til! Hálfum öðrum áratug eftir frumsýningu hennar var ég staddur á kvikmyndahátíð erlendis og þar var Friðrik Þór Friðriksson í panelumræðum ásamt fleiri. Danir hreyktu sér þá af því að hafa verið að finna upp stefnu í kvikmyndagerð sem dogma nefnist og felst meðal annars í því að kvikmynda við náttúruleg skilyrði og skrifa handritið nánast inn í umhverfið. Þá gall við í Frikka: „Allt er gott um Dani en ég sé ekki betur en íslenska kvikmyndin Nýtt líf sé fyrsta dogmamyndin og þar með sé landi minn, Þráinn Bertelsson, frumkvöðull á þessu sviði án þess að hafa vitað af því sjálfur!“



Upptaka í Vinnslustöðinni. Þráinn Bertelsson leiðbeinir Karlí Ágústi Úlfssyni í hlutverki Þórs.




## Vinnslustöðin og menningin

„Mér hefur alltaf verið hlýtt til Vestmannaeyja og fólksins sem býr þar. Ég kynntist þar fjölda fólks og hafði afskaplega gaman af að vinna í fiski. Í minningunni er Eyjadvölin einstök upplifun og fjörleg á köflum!“ segir Shady Owens, söngkona margra af vinsælustu popphljómsveitum Íslendinga á árunum 1967-1973. Shady á íslenska móður og bandarískan föður og heitir fullu nafni Patricia Gale Owens. Hún flutti til Íslands frá Bandaríkjunum 17 ára gömul og varð fljótlega söngkona Óðmanna. Þaðan lá leiðin í Hljóma og síðar tók hún þátt í að stofna Trúbrot 1969. Eftir það söng Shady í Náttúru en gosárið 1973 lauk hljómsveitaferlinum hérlandis og hún flutti til Bandaríkjanna, með viðdöl í Vinnslustöðinni og víðar í Vestmannaeyjum.

Núna býr Shady í Lundúnum og unir hag sínum vel. Henni leiddist auðheyrilega ekki að rifja upp kynni sín af Vestmannaeyjum í símtali á dögnum og það fyrir góðar kveðjur þangað: „We had so much fun ...“ Tóninn í röddinni leyndi því á engan hátt að það hafði verið fjör í Eyjum.

Dvöl Shady í Vestmannaeyjum tengist vináttu þeirra Júlíu P. Andersen, Eyjamanns og núverandi innanhússarkitekts í Reykjavík. Júlía hafði kynnst Shady nokkrum árum áður í New York þar sem sú fyrrnefnda bjó og skaut meðal annars skjólshúsi yfir Trúbrot í heimsókn hljómsveitarinnar þangað. Haustið 1973 fóru Júlía og Shady til Eyja til að hreinsa til í bænum eftir gosið og vinna í fiski þá og á vetrarvertíðinni 1974. „Við bjuggum heima hjá mér og vorum fyrst í fiskvinnslu í Eyjbergi. Þaðan fór Shady til Vinnslustöðvarinnar en ég til Ísfélagsins og þangað kom hún svo líka síðar,“ segir Júlía. „Það er rétt munað hjá Shady að þessir tímar voru afar sérstakir, mikil vinna en góð stemning, já, og talsvert djamm líka! Parna var saman komið fólk héðan og þaðan úr veröldinni til að taka þátt í að moka vikri, hreinsa og

## Úr Náttúru í Vinnslustöðina



Shady Owens í fiskinum í Vinnsló á vetrarvertíð 1974. Á innfelldu myndinni er Júlía Andersen. Sú mynd var notuð á sínum tíma til kynningar fyrir Sölu miðstöð hraðfrystihúsanna hérlandis og erlendis.

fegra. Suma sólarhringana var ekki mikið sofið enda voru menn vel á sig komnir og neituðu sér frekar um svefn en að missa af skemmtilegum stundum!“

Emil M. Andersen, faðir Júlíu, gerði á þessum

tíma út Júlíu og Danska Pétur frá Vestmannaeyjum. Síðar stofnaði hann ásamt fjölskyldu sinni félag um útgerðina, Immanúel ehf. Emil lést á árinu 1996 og í apríl 1997 sameinaðist Immanúel Vinnslustöðinni.

## Þjóðhátíð lýkur með Nýju lífi

„Það er fastur liður á heimilinu að kvöldi sunddags um þjóðhátíðarhelgi ár hvert að horfa á „kvikmyndina okkar“, Nýtt líf, og svo Stellu í orlofi. Þessi siður hefur meira að segja breiðst út innan fjölskyldunnar,“ segir Þór Vilhjálmsson hjá Vinnslustöðinni. Hann ber formlega starfsheitið innkaupa- og starfsmannastjóri en er í raun og veru „alt-mulig-mað“ og reddari í smáu og stóru. Þór var kvikmyndagerðarmönnum innan handar við upptöku allra myndanna sem Vinnslustöðin kom við sögu í: Nýs lífs, Sigla himinfley og Stormy Weather.

Honum er til dæmis eftirminnilegur vertíðardansleikur sem sviðsettur var í Alþýðuhúsinu vegna Nýs lífs. Þetta gerðist á sunnudegi og Vinnslustöðvarmenn gáfu með hálfum huga leyfi fyrir því að mannskapurinn úr húsinu færi á slíkt skrall, þó svo væri í þágu menningar og lista. Morguninn eftir var nefnilega venjulegur vinnu-



Þór Vilhjálmsson. Myndin tekin 1987.

dagur, vertíðin á blússi og jafnan unnið langt fram á kvöld. Þeir óttuðust að áhugaleikararnir tækju hlutverk sín of alvarlega, fengju sér í staupinu og mættu illa fyrir kallaðir til starfa á mánudagsmorgni. Slíkar áhyggjur reyndust óþarfar. Allir mættu hressir þrátt fyrir að hafa látið sig hafa það, margir hverjir, að drekka ögn af kólblönduðu vodka til að magna upp alvöru stemningu á vertíðarballi!

Sum atriði í Stormy Weather eru líka mörgum í Vinnslustöðinni eftirminnileg, ekki síst körlunum. Til dæmis kom það í hlut tækjamaða VSV að halda hita á nakinni leikkonu milli atriða sem tekin voru upp í 30 stiga gaddi í frystiklefa. Sú nakta tók úr sér hrollinn með því að dýfa sér af og til í volgt vatn í fiskikari en stríplaðist þess á milli um í fimbulköldum frystinum. Þetta voru vinnustundir í tækjunum sem seint gleymast og skyldi nú engan undra!





# Gúanóbrælan varð tákn um líf eftir gos

19. mars 1973. Brætt af krafti í Fiskimjölsverksmiðjunni en gosið í rénun.



24. febrúar 1973. Loðnu landað til bræðslu. Fyrsta loðnan eftir gos barst til Eyja 16. febrúar 1973.

Sumarið 1972 söfnuðu konur í Vestmannaeyjum undirskriftum gegn gúanóbrælu sem lagði frá Fiskimjölsverksmiðjunni yfir bæinn tímum saman. Haraldur Gíslason, þáverandi skrifstofustjóri fyrirtækisins, tók á móti erindi kvennanna og sýndi því út af fyrir sig skilning en áfram var samt brætt með tilheyrandi lykt og mengun. Fáeinum mánuðum síðar varð þessi sama gúanóbræla þekkt tákn um líf í Eyjum á tímum þegar eldi og brennisteini rigndi yfir byggðina, íbúarnir flestir flúnir og allt atvinnulíf lamað. Byrjað var að bræða á ný í Fiskimjölsverksmiðjunni innan eins mánaðar frá því gos hófst á Heimaey. Þetta þótti lyginni líkast og á kontórnum sínum í Hvíta húsinu við Strandgötu sat Halli Gísla við símann og seldi mjöl og lýsi til útlanda eins og ekkert væri sjálfsagðara. Loðnubræðslan varð á svipstundu áhrifa- og örlagavaldur í Vestmannaeyjagösinu sem eftir var tekið og hafði mikið að segja við að blása Eyjamönnum von og trú í brjóst á erfiðum stundum.

Á þessum tíma áttu Vinnlustöðin og Fiskiðjan Fiskimjölsverksmiðjuna. Haraldur varð þar framkvæmdastjóri 1978 og gegndi því starfi allt þar til verksmiðjan sameinaðist Vinnlustöðinni í ársbyrjun 1992. Síðan þá hefur Haraldur verið í eigendahópi Vinnlustöðvarinnar, stjórnað mjölsölu fyrirtækisins og hann er varaformaður stjórnar VSV.

„Árið 1972 fiskaðist vel og afurðaverð var hátt. Afkoma Fiskimjölsverksmiðjunnar var betri en um árabíl og við blasti enn meira góðæri 1973. Gosið setti þar hins vegar strik í reikninginn svo um mundaði,“ segir Haraldur Gíslason. „Ég man vel eftir því að Þorsteinn Sigurðsson, framkvæmdastjóri Fiskimjölsverksmiðjunnar, var alltaf harðákveðinn í að koma starfsemi aftur í gang eins fljótt og auðið væri eftir að gosið hófst. Fyrirmæli voru gefin um að flytja tæki og tól úr fiskvinnslufyrirtækjum til Reykjavíkur, þar á meðal Fiskimjölsverksmiðjunni, en því neituðum við og komumst upp með það! Við fengum svo leyfi til að hafa 20-30 starfsmenn í eygni til að sinna björgunarstörfum en gæta í leiðinni eigna fyrirtækisins. Þar með höfðum við bæði tæki og mannskap til að hefja mjöl- og fiskvinnslu ef slíkt tækifæri gæfist á annað borð.“

## Lán í óláni

Tækifærið gafst fyrir en menn reiknuðu með. Þórkatla frá Grindavík fékk á sig brotsjó skammt frá Vestmannaeyjum og kom til hafnar þar með fullfermi af loðnu 16. febrúar 1973. Þar með var komið að merkilegum kaflaskilum í gossögunni.

„Gæfuhjólið snerist með okkur, þrátt fyrir allt,“ segir Halli Gísla. „Það vildi svo vel til að þennan dag var stjórn Viðlagasjóðs stödd hér í Eyjum. Ég snaraðist inn á fund hennar og sagði að við vildum taka á móti farminum úr Þórkötlum og starta bræðslunni. Fát kom á Viðlagasjóðsmenn og svipurinn á þeim flestum benti helst til þess að þeir teldu mig vera orðinn gjörsamlega galinn! Til allrar hamingju var þarna





1. mars 1973. Gos í fullum gangi en í forgrunni sést reykur stíga upp frá Fiskimjölsverksmiðjunni. Bræðsla var hafin í Eyjum!

einn stjórnarmaður sem ég þekkti og hafði átt mikil og góð samskipti við: Vilhjálmur Jónsson, forstjóri Olíufélagsins hf. Hann taldi rétt að „gefa okkur séns“ og lagði til að við fengjum heimild til að gangsetja bræðsluna. Aðrir stjórnarmenn féllust á það. Þá var eftir að fá vinnsluleyfi frá stjórnvöldum fyrir sunnan og það gat orðið öllu þyngri þraut en að sannfæra stjórnarmenn Viðlagasjóðs. Þá datt mér í hug að hringja í vin minn, Þórð Þorbjarnarson, þáverandi forstjóra Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins. Viti menn: Þórður sá til þess að við fengum vinnsluleyfi í hveli og hefur líklega ekki farið alveg eftir ströngustu fyrirmælum í bókinni við þá stjórnsýslu. Þar með var fyrstu hindrunum rutt úr vegi og við gangsettum vélar í Fiskimjölsverksmiðjunni. Enn eitt lánið í óláninu var reyndar það að við höfðum áður byggt yfir 5.000 tonna þróarými og gátum þannig geymt hráefnið án þess að yfir það rigndi ösku og vikri. Skemmst er svo frá að segja að við fórum að vinna úr loðnufarminum og tókum síðan á móti loðnu úr mörgum fleiri bátum næstu daga og vikur. Við bræddum alls 22.000 tonn og héldum uppi samfelldri vinnslu í um einn mánuð að undanskildu stuttu stoppi sem stafaði af því að rafveita bæjarins eyðilagðist og dísilvél Vinnslustöðvarinnar var þá notuð til að framleiða tímabundið raforku fyrir bæjarkerfið. Menn úr okkar hópi mættu einfaldlega til vinnu í Fiskimjölsverksmiðjunni þegar á þurfti að halda og voru að eins lengi og nauðsyn krafði. Engin stimpillukka, bara settur kross á nafnalista við þá sem mættu og allir voru á sama kaup. Það var með öðrum orðum rekin mjög meðvituð jafnlaunastefna hjá okkur í gosinu!“



30. maí 1973. Halli Gísla leyfði skegginu að vaxa villt þar til síðasta mjölfarminum var skipað út.

### Ásjónan lögð undir

Þegar við byrjuðum var bullandi gos í gangi en við hugsuðum ekkert um það heldur að halda vinnslunni gangandi með öllum ráðum. Við urðum nefnilega varir við það strax að gúanóreykurinn hafði gríðarlega mikil andleg áhrif á þá sem unnu að björgun í bænum og á Eyjamenn yfirleitt hvar sem þeir voru niðurkomnir á landinu. Fréttirnar um að byrjað væri að bræða í Eyjum virkuðu hreinlega eins og vítamínsprauta á mannskapinn. Ég settist við síma á skrifstofunni í Hvíta húsinu og hringdi í föstu viðskiptavinina okkar, kaupendur mjöls og lýsis í Danmörku, Svíþjóð, Finnlandi og Hollandi. Þeim þótti það mikil tíðindi að byrjað væri að framleiða hér fiskimjöl í nábýli við gjósandi eldfjall og tóku orðalaust upp viðskiptaþráðinn að nýju. Engin vandræði voru að fá báta til að landa en hins vegar var erfitt að fá fraktskip til að koma og taka mjöl og lýsi til útflutnings. Mörgum skipstjórnarmönnum leist ekkert á blikuna en það hafðist samt að lokum að koma framleiðslunni úr landi. Vinnslan sjálf gekk

líka áfallalaust en eina nóttina munaði minnstu að þakið yfir vélasalnum gæfi sig undan gosefnum. Menn tóku eftir að það var farið að síga og settu stoðir þar snarlega undir.“

Halli Gísla var annars sjálfur gangandi vísbending um hvernig starfsemin í Fiskimjölsverksmiðjunni gekk því hann lagði eigin ásjónu undir að þetta gengi allt saman upp. „Já, ég ákvað að hætta að raka mig þegar við byrjuðum að bræða loðnuna úr Þórkötlunni í febrúar og leyfa skegginu að vaxa villt þar til búið yrði að skipa út öllum afurðunum. Síðasti mjölfarmurinn fór héðan í júní og þá skar ég loksins skeggið sem var orðið býsna myndarlegt!“

## Hvítt hús og blikur á lofti



Bjarni Ólafsson, Eggert Brandsson og Engilbert Þorvaldsson, allir starfsmenn Fiskiðjunnar.

Árið 1953 byggði Vinnslustöðin stórt og myndarlegt hús við Strandveg, Hvíta húsið, þar sem matstofa var rekin á jarðhæð en skrifstofur voru á efri hæðunum. Skrifstofa félagsins hafði fram til þess einnig verið í húsi Ársæls Sveinssonar. Nýja matstofan var í stóru, björtu og rúmgóðu húsnæði á jarðhæð og var húsnæðið fljótlega eftirsótt til margvíslegrar starfsemi utan vertíðar. Má nefna að Marinó Guðmundsson fékk þar oft inni fyrir húsagagna- og teppasýningar, Verkakvænnafélagið Snót hélt þar matreiðslunámskeið fyrir félagskonur og Taflfélag Vestmannaeyja notaði húsnæðið fyrir taflkeppni eins og það er fært í

bækur félagsins. Frá árinu 1966 hafa aðrar veitingar verið á boðstólum á jarðhæð Hvíta hússins því það ár eignaðist ÁTVR hana og hefur selt þar áfengi allt fram á þennan dag. Árið 1995 voru svo tvær efri hæðir hússins seldar Háskóla Íslands og Vestmannaeyjabæ og hýsa nú rannsóknasetur Háskólans.

Málefni áfengisútsölnunnar komu til sérstakrar umfjöllunar á stjórnarfundum í Vinnslustöðinni í febrúar 1971 en þá var tekið fyrir bréf frá Áfengisvarnanefnd Vestmannaeyja þar sem leitað er álitis stjórnarinnar á því hvort loka beri áfengisútsölnunni hér í bæ. Svofelld bókun var gerð:

„Stjórnin lítur svo á að vandræði af drykkjuskap hér hafi stórversnað við opnun útsölnunnar hér.“

### Blikur á lofti 1978

Íslenskur sjávarútvegur hefur verið þeim álögum yfirsettur að skipst hafa á skin og skúrir; annars vegar góðæri en hins vegar hallæri þar sem allur rekstur er að sligast og yfir vofa lokanir og uppsagnir. Þannig urðu miklir erfiðleikar í rekstri Vinnslustöðvarinnar á árinu 1978. Á stjórnarfundum 17. júlí var rætt um þá geigvænlegu stöðu sem upp hafði komið í rekstri frystihússins vegna ört hækkandi hráefnisverðs og launakostnaðar og lækkandi afurðaverðs á sama tíma. Ákvað stjórnin að hætta allri móttöku fisks að óbreyttu ástandi og starfsfólki var sagt upp störfum. Kann að var hver kostnaðurinn yrði við að loka fyrirtækinu og 12. ágúst voru hluthafar kallaðir saman til fundar með stjórninni til að ræða aðsteðjandi vanda fyrirtækisins. Urðu þar miklar umræður en engar samþykktir gerðar.

Síðla ágústmánaðar lá fyrir milliuppgjör miðað við 15. ágúst og komu þar fram uggvænlegar tölur. Heildarframleiðsluverðmæti frá áramótum nam um 1.260 milljónum króna en hráefnis- og vinnulaunakostnaður var um 1.126 milljónir króna, Eftir stóðu því 133 milljónir króna upp í stjórnunar- og fjármagnskostnað. Hráefniskaup voru 54% og vinnulaun 24%. Síðari hluta ársins lagaðist staða fyrirtækisins verulega enda styttri víst öll él upp um síðir. Bæði fyrir og síðar hefur Vinnslustöðin staðið frammi fyrir vanda sem þeim er uppi var 1978. Slíkar eru og hafa verið sveiflurnar í íslenskum sjávarútvegi.

## Frysting fisks eftir gos hófst 23. október 1973

Að boði Viðlagasjóðs voru allar helstu fiskvinnsluvélar og tæki Vinnslustöðvarinnar tekin niður og flutt til Reykjavíkur. Ekki var forstjórinn, Sighvatur Bjarnason, ánægður með þetta ráðslag. Hann hafði þá trú að hamfarirnar, svo hörmulegar sem þær þó voru, gengju yfir og áfram yrði unnið að sköpun verðmæta í fiskvinnsluhúsum Vinnslustöðvarinnar. Fékk hann stjórn VSV í apríl 1973 til að stöðva niðurrif og brottflutning véla og tækja í andstöðu við stjórn Viðlagasjóðs.

Sighvatur og kona hans, Guðmunda Torfadóttir, fluttu búferlum frá heimili sínu Ási í verbúðir Vinnslustöðvarinnar og bjuggu þar nær allt góðtímabilið. Í verbúðunum bjuggu einnig þeir sem unnu við að bjarga verðmætum, vélum og tækjum, og ryðja vikri af þökum stöðvarinnar. Drifin áfram af bjartsýnskrafti Sighvats hóf nú stjórnin að undirbúa heimkomu þeirra véla og tækja sem flutt höfðu verið til lands. Strax í maí 1973 var farið að huga að nýju að móttöku og vinnslu á fiski.

Mikil vinna var við að koma öllu fyrir á ný, þrifa og lagfæra. Rafmagnsmál voru öll í ólestri til að byrja með. Meira að segja reyndist rútubíll fyrirtækisins, sem notaður var til að aka starfsfólki til og frá vinnu, vera bilaður en hann var að vísu ágerð 1952. Fyrst um sinn var aðeins tekið á

móti fiski til söltunar en í október var almenn fiskvinnsla hafin á ný hjá Vinnslustöðinni. Síðdegis mánudaginn 22. október 1973 lönduðu Danski Pétur VE, Skuld VE og Hrauney VE samtals rúmlega 10 tonnum og ákveðið var að hefja vinnslu daginn eftir. Byrjað var á vélflökun fyrir hádegi en vinna í þökkunarsal hófst eftir hádegi. Smávægilegar bilanir gerðu vart við sig sem töfðu vinnsluna nokkuð. Í salnum voru 15 stúlkur og ríkti mikil ánægja með að vinna skyldi vera hafin á ný, réttum níu mánuðum eftir að gos hófst.

Hjól atvinnulífsins tóku hægt en taktfast að snúast, bátar fóru í auknum mæli að landa afla sínum í Friðarhöfn og fólkinu fjölgaði sem flutti heim til starfa í Vinnslustöðinni. Það var lán Vestmannaeyinga á þessum umbrotatímum að til var fjöldi fólks úr öllum stéttum sem hafði þrek og þor til þess að takast á við yfirstandandi vá, hafði trú á að Eyjarnar ættu sér framtíð og vann hörðum höndum að uppbyggingu eftir að hamfarirnar voru yfirstaðnar.



27. apríl 1973. Netin dregin og gýs af fullum krafti nokkur hundruð metra frá.





## Uppeldisstöð verkstjóranna

Stefán Runólfsson og verkstjórnir Ingi Júlíusson, Haukur Guðmundsson, Jóhann Jónsson og Viðar Elíasson.

„Ég tók við framkvæmdastjórarstarfi í Vinnlustöðinni 1. nóvember 1974 af Sighvati Bjarnasyni eldri. Hann sat áfram sem stjórnarformaður til dánardægurs 1975. Sighvatur var þá kominn á áttæðisaldur og orðinn langþreyttur. Þau hjón, Guðmunda Torfadóttir og Sighvatur, voru í Eyjum allan góðmann og bjuggu í verbúð Vinnlustöðvarinnar. Gosið fór illa í hann og álagið var mikið enda allir aðrir stjórnarmenn fyrirtækisins á meginlandinu,“ segir Stefán Runólfsson, framkvæmdastjóri Vinnlustöðvarinnar frá 1974 til ársloka 1987. Hann hafði áður verið yfirverkstjóri og síðar aðstoðarframkvæmdastjóri Fiskiðjunnar í Eyjum og þar áður vann hann hjá Einari ríka í Hraðfrystistöð Vestmannaeyja og varð verkstjóri aðeins 16 ára að aldri!

„Fyrsta árið eftir gos var erfitt af ýmsum ástæðum hjá Vinnlustöðinni, ekki síst vegna þess hve erfiðlega gekk að manna starfseminu. Skortur á verkstjórum var tilfinnanlegur. Verkstjórar Vinnlustöðvarinnar höfðu flutt upp á meginlandið í gosinu en aðeins einn þeirra, Guðmundur Ásbjörnsson, skilaði sér aftur. Svo fóru hjólin að snúast hraðar og brátt varð fyrirtækið uppeldisstöð verkstjóra sem margir hverjir eru enn að í Eyjum, í Vinnlustöðinni og annars staðar.“

### Bjarnaborg

Eitt af fyrstu verkum Stefáns, Stebba Run eins og Eyjamenn kalla hann gjarnan, var að fá heimild stjórnar til að innrétta hæð í Vinnlustöðvarhúsinu. Þar var opnað mötuneyti starfsfólks og

sömuleiðis var innréttuð ný verbúð sem átti eftir að hýsa margan manninn á vertíð í Eyjum. Mötuneytið hafði áður verið rekið í Hvíta húsinu við Strandveg og þangað fóru starfsmenn í matartímum en það þótti nýja framkvæmdastjóranum ófært fyrirkomulag. Stefán segist hafa lagt sig eftir að búa sem best að starfsmönnum og meira að segja stofnaði Vinnlustöðin til rekstrar barnaheimilis í Vestmannaeyjum árið 1987 til að greiða fyrir því að barnafólk gæti líka unnið utan heimilisins – og þá fyrst og fremst mæðurnar! Barnaheimilið var nefnt Bjarnaborg eftir Bjarna Sighvatssyni, þáverandi stjórnarformanni og stærsta hluthafa fyrirtækisins, og var rekið í þrjú ár.

### Klakksnafnið fylgdi með í kaupunum

Rekstur Vinnlustöðvarinnar hafði gengið afar vel árið 1972 og útlitið var áfram bjart í upphafi örlagaársins 1973 eins og fram kemur í samtali við Harald Gíslason í miðopnu þessa blaðs. Árin eftir gos voru hins vegar mjög erfið. Frá 1975 til 1977 var „vitlaus verðbólga og enn vitlausara gengi krónunnar“ eins og Stefán orðar það. Rekstrarumhverfið var með öðrum orðum mót-drægt og við bættist að bátum í Eyjum hafði fækkað umtalsvert. Það skorti hráefni til að halda uppi stöðugri fiskvinnslu.

„Þetta er ástæðan fyrir því að við Guðmundur Karlsson, framkvæmdastjóri Fiskiðjunnar, fórum að ræða málin 1976 á vettvangi Samfrosts, sameiginlegs félags frystihúsanna í Eyjum. Niðurstaðan varð sú að Vinnlustöðin, Fiskiðjan og

Ísfélagið stofnuðu útgerðarfélagið Klakk og keyptur var samnefndur togari sem þá var í smíðum í Póllandi fyrir Húsvíkinga. Seljandinn, Stefán Pétursson, útgerðarmaður á Húsavík, hafði ákveðið að nefna skipið Klakk og eiginlega setti hann það sem skilyrði að nafnið fylgdi með í kaupunum! Við höfðum síður en svo nokkuð á móti því. Klakkur kom til Eyja í ársbyrjun 1977 og er enn í fullu fjöri með sama nafni, gerður út frá Sauðárkróki.“

### Bullandi hagnaður 1987

Það er svo af togaraútgerðinni að segja að í ársbyrjun 1980 stofnuðu fyrirtækin í Eyjum, þar á meðal Vinnlustöðin, félagið Samtog til að annast útgerð togaranna Klakks, Sindra og Breka. Fleiri skip bættust síðar í flota Samtogs en árið 1987 riðluðust fylkingar í eigendahópnum. Ísfélagið yfirgaf Samtog og eignaðist tvo af togurum félagsins, Gideon og Halkion. Samtogi var slitið 1990 og Vinnlustöðin tók með sér úr félaginu togarann Breka en Fiskiðjan togarana Klakk og Sindra.

Stefán Runólfsson lét af störfum sem framkvæmdastjóri í lok árs 1987. Hann segir að félagið hafi þá verið vel státt fjárhagslega og gengið afar vel. „Vinnlustöðin var rekin með bullandi hagnaði síðasta árið mitt þar. Hreinn hagnaður nam tugum milljóna króna 1987 þrátt fyrir að endurskoðendur fínkembdu allar gildandi reglur í leit að möguleikum til afskrifta! Ég skildi því við fyrirtækið í góðu gengi.“



Sighvatur Bjarnason yngri, Lárus Long og Viðar Elíasson.

## Millilending í Vinnsló á leið á Upton Park

„Vinnslustöðin er rúmfrekur kaflí í lífi mínu og mér þykir óskaplega vænt um fyrirtækið enda er það tengt mér blóðböndum!

Fjölskyldutengslin voru kostur að því leyti að ég þekkti fyrirtækið afar vel í gegnum pabba og afa en þau voru ókostur þegar kom að því að taka ýmsar sársaukafullar ákvarðanir í rekstrinum. Það var til dæmis ekkert grín að segja ættingjum og fjölskylduvinum upp störfum eins og ég neyddist til að gera,“ segir Sighvatur Bjarnason yngri, framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar frá 1. júlí 1992 til marsloka 1999.

Hann tók á sínum tíma að sér framkvæmdastjórarstarfið þrítugur að aldri eftir að hafa unnið á vegum SÍF í Frakklandi í nokkur ár og fór þangað aftur eftir að hann hætti hjá Vinnslustöðinni.

Í síðari hálfleik Frakklandsdvalar var Sighvatur forstöðumaður heildsöludeildar Gelmer-Iceland Seafood S.A. Boulogne sur Mer. Því má skjóta hér inn að annar Íslendingur var á þessum tíma framkvæmdastjóri Gelmer, Höskuldur Ásgeirsson, núverandi forstjóri Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar hf.

Sighvatur sinnir núna viðskiptum héraendis og erlendis á vegum fyrirtækja sem hann og fleiri eiga. Meðal annars er hann stjórnarformaður í Fisco ehf. sem sérhæfir sig í sölu frystra sjávarafurða víða um heim. Einnig er Sighvatur stjórnarformaður í Cimbric A/S í Danmörku er sérhæfir sig í framleiðslu og sölu á kældum skelfiskréttum fyrir stórmarkaði í Evrópu.

### Mamma vísaði syninum á West Ham

Fótbolti en ekki sjávarfang varð tilefni þess að fjölmiðlar tóku skyndilega að beina kastljósum að Sighvati núna um miðjan nóvember. Það kom nefnilega á daginn að hann verður stjórnarmaður í enska úrvalsdeildarliðinu West Ham United í kjölfar þess að Íslendingahópur með Eggert Magnússon, forseta KSÍ, í broddi fylkingar keypti félagið.

Eggert hefur alla tíð verið yfirlýstur áhgangandi Tottenham en varð að sverja liðið af sér opinberlega í Bretlandi til að koma sér í mjúkinn hjá stuðningsmönnum West Ham. Sighvatur þurfti enga slíka yfirbót að gjöra enda gegnheill áhgangandi West Ham frá því hann man eftir sér í Eyjum og margoft búinn að horfa á goðin sín spila á heimavellinum Upton Park í Lundúnum.

„Ég byrjaði að halda upp á West Ham sumarið 1966, fjögurra ára gamall! Þá var ég að sparka bolta með vini mínum sem er nokkrum árum eldri. Sá var harður Liverpoolmaður og ég vildi auðvitað líka fá eitthvert lið til að halda með þó að ég vissi nákvæmlega ekkert um hvað ensk knattspyrna yfirleitt var. Mamma þreif þá Morgunblaðið af borði og sýndi mér stóra mynd af Bobby Moore, fyrirlíða enska landsliðsins og mestu goðsögn West Ham fyrr og síðar, með sigurstyttuna miklu á lofti eftir að Englendingar urðu heimsmeistarar í knattspyrnu 30. júlí 1966. Þar með varð Bobby Moore minn maður og West Ham mitt lið og þannig hefur það verið allar götur síðan.

EKKI er því að neita að það er undarleg tilfinning

ing að vera nú allt í einu kominn í aðalstjórn hjá þessu fornfræga félagi sem verið hefur hluti af tilverunni alla mína ævi.“

### Tæknilegt gjaldþrot

Nokkur fyrirtæki í Eyjum sameinuðust í ársbyrjun 1992 undir nafni Vinnslustöðvarinnar hf.: Fiskiðjan, Lifrarsamlagið, Gunnar Ólafsson & Co, Knörr og svo að sjálfsögðu Vinnslustöðin. Starfsstjórn var skipuð fram að næsta aðalfundi og þar var Bjarni Sighvatsson formaður. Ákveðið var að fara þess á leit við Sighvat, rekstrarhagfræðing og son Bjarna, að koma heim frá Frakklandi og taka við starfi framkvæmdastjóra. Það gekk eftir en nýi framkvæmdastjórinn hafði ekki verið margar vikur við störf þegar honum var ljóst að blíkur voru á lofti í rekstrinum svo ekki sé meira sagt.

„Ég vissi ekki nákvæmlega að hverju ég gekk þegar ég var beðinn um að taka við framkvæmdastjórninni en átti í raun ekkert val. Foreldrar mínir höfðu lagt lífsstarf sitt í Vinnslustöðina og mér rann einfaldlega blóðið til skyldunnar, bókstaflega talað. Sjálfur var ég ungur og hafði út af fyrir sig engu að tapa en það gegndi öðru máli um þá sem stóðu mér næst í fjölskyldunni í Eyjum.

Fyrirtækið var tæknilega gjaldþrota og þarna hófst endalaus lífróður sem stóð í raun og veru allan tímann sem ég var í stól framkvæmdastjóra. Það tókst að koma fjármálum og rekstri í skikk-anlegt horf með hagræðingu og lækkun skulda. Þá blasti við að endurbyggja þyrfti loðnubræðslu-





Eiríkur Tómas Marshall og Stefán Birgisson um borð í Drangavík VE.



Júlíus Hallgrímsson við löndun úr Sighvati Bjarnasyni VE.



Vinnsla loðýrafóðurs í Vinnslustöðinni! Árið 1983 kom fram hugmynd í stjórn Vinnslustöðvarinnar um að kanna möguleika á því að setja á stofn refabú í Vestmannaeyjum og höfðu menn þá rennt huga til þess að nota fiskmeltu frá stöðinni til fóðrunar. Þessi hugmynd náði ekki að verða að veruleika en loðýrafóður var unnið um hríð hjá fyrirtækinu.

una og gjörbreyta samsetningu skipaflota fyrirtækisins.

Auðvitað var það engin óskastaða að þurfa að ráðast í gríðarmiklar fjárfestingar á þessum tíma, en óhjákvæmlegt. Árangurinn skilaði sér síðar með verksmiðjum sem eru í fremstu röð á landinu.

### Hefði viljað ganga lengra

„Við náðum vissulega árangri enda fyrirtækið gott sem slíkt með þéttan og öflugan hóp stjórnenda sem ég réði flesta til starfa og eru þar sumir starfandi enn þann dag í dag. Starfsmenn voru upp til hópa bæði traustir og góðir. Stjórnin stóð líka að baki okkur og þar nefni ég sérstaklega stjórnarformanninn, Geir Magnússon, þáverandi forstjóra Olúfélagsins. Hann er vænn maður sem gott er að starfa með.“

Veikleikar fyrirtækisins voru ýmsir og erfiðir við að eiga. Vinnslustöðin var mjög háð gengi veiða og vinnslu loðnu og því fórum við í að byggja upp bolfiskvinnsluna. Á launaskrá voru um 450 manns þegar flest var og alveg ljóst að til þess að ná betri rekstrarniðurstöðu þurfti að fækka starfsfólki verulega. Í þeim efnum var hins vegar auðveldara um að tala en í að komast. Fjöldauppsagnir í Vinnslustöðinni hefðu að sjálf-sögðu haft mikil og lamandi áhrif á allt samfélagið í Eyjum eins og menn geta ímyndað sér. Það var ríkt í föður mínum og einnig Geir að hugsa um hag byggðarlagsins fyrst og fremst og þess vegna var tómt mál að tala um að fækka starfsfólki eins og nauðsyn krafði.

Eftir á að hyggja hefði ég átt að horfa meira á rekstur fyrirtækisins sjálfs, draga enn meira saman, leigja aflaheimildir frá fyrirtækinu í stað þess að leigja aflaheimildir til þess og segja fleiri upp. Það er auðvelt að horfa í baksýnispegilinn núna en það var til dæmis ekki gerlegt að ganga lengra í uppsögnum fólks en gert var.“

Þess má geta að Sighvatur var valinn maður ársins í viðskiptalífínu 1994 samkvæmt útnefningu Frjálsrar verslunar og Stöðvar 2. Í umsögn dómnefndar segir meðal annars: „Hann tók við fyrirtækinu þegar það virtist í vonlausri stöðu um mitt ár 1992 og í „öndunarvél“ lánardrottna. Nú hefur sjúklingurinn sloppið fyrir horn þótt enn hafi hann ekki náð fullum bata. Sighvatur hefur ekki aðeins bjargað fyrirtækinu heldur um leið komið í veg fyrir að hundruð Vestmannaeyinga misstu vinnuna.“

### Þrekið búið og sjálf gert að hætta

Sighvatur segist hafa ákveðið með sjálfum sér að standa upp úr stóli framkvæmdastjóra ef hann næði ekki árangri sem hann teldi unandi við.

„Ég vildi hætta haustið 1998 en stjórnin fékk mig til að halda áfram. Ég sagðist þá jafnframt fara ef rekstrarárangurinn næstu mánuði batnaði ekki verulega. Við höfðum fjárfest verulega í tæknivæðingu í vinnslu á uppsjávarfiski. Afkoman á komandi loðnuvertíð varð svo lakari en árið áður, aðallega vegna þess að lítið var fryst af loðnu og hrognum. Vertíðin brást eins og stundum áður. Þá sagði ég upp í mars 1999 og hætti hálfum mánuði síðar. Ég var hins vegar ekki að

hlaupa frá neinu þrotabúi, síður en svo. Skuldir voru í jafnvægi og búið að endurnýja framleiðslutæki til lands og sjávar. Bolfiskvinnslan hafði verið byggð upp og ég taldi víst að þar hefði verið lagður grunnur að rekstrinum næstu árin og myndi skila sér – sem og varð.

Menn höfðu trú á fyrirtækinu, þrátt fyrir erfiðleikana. Það birtist meðal annars í viðbrögðum fjárfesta þegar Vinnslustöðin var skráð á Verðbréfabing síðla árs 1994, fyrst fyrirtækja í Vestmannaeyjum. Nýir hluthafar komu til skjalanna, og hluthafar, sem fyrir voru, juku við sig. Þetta var móralskt jákvætt fyrir okkur og fyrirtækið og svo komu fjármunir inn í fyrirtækið og voru notaðir til að létta skuldabaggann.

Vonbrigði með rekstrarafkomuna voru samt ekki aðalskýringin á því að ég sagði upp. Aðstæður kölluðu einfaldlega á að aðrir, frískir og óþreyttir, tækju við stjórnartaumum. Staðreyndin var sú að ég hafði hvorki líkamlegt né andlegt þrek til að halda áfram, búinn að fá nóg í öllum skilningi og kominn með allt saman upp í kok. Ég neita því ekki að hafa verið ögn bitur fyrst á eftir en það er löngu liðin tíð og önnur verkefni tóku við.

Ég hugsa með hlýju til Vinnslustöðvarinnar og þess fólks sem vann þar þá og vinnur þar jafnvel enn,“ segir Sighvatur Bjarnason.

# Stiklað á stóru 1946-2006



Sigríður Pétursdóttir, Kristín Jónsdóttir og Adda Magnúsdóttir.

**30. desember 1946:** Vinnslu- og söluviðstöð fiskframleiðenda stofnuð í Vestmannaeyjum. Stofnendur eru 105 útvegsmenn í Eyjum sem sameinast um fiskvinnslu til hagsbóta fyrir sig og byggðarlagið. Í fyrstu stjórn félagsins eru kjörnir Ársæll Sveinsson, Guðlaugur Gíslason, Helgi Benediktsson, Jóhann Sigfússon, Ólafur Á. Kristjánsson, Ragnar Stefánsson og Sighvatur Bjarnason. Jóhann kjörinn formaður á fyrsta stjórnarfundum 3. janúar 1947, Sighvatur varaformaður og Helgi ritari. Jóhann gegnir sömuleiðis starfi framkvæmdastjóra. Óskar Sigurðsson endurskoðandi tekur að sér eftirlit með bókhaldi. Tveimur árum síðar verður hann skrifstofustjóri og framkvæmdastjóri fjármála allt til dauðadags 1969.

- Verkun bolfisks hefst á vegum nýja félagsins á vetrarvertíðinni 1948 og þá einungis í salt eða hann hertur.
- Bolfiskfrysting er talin hefjast um það bil 1949.
- Síldarsöltun og síldarfrysting er talin hefjast um það bil 1950.
- Bræðsla loðnu er talin hefjast um það bil 1964.
- Veiðar og vinnsla humars hefst 1955 eða 1956.
- Loðnufrysting er talin hefjast um það bil 1968.
- Frysting loðnuhrogna hefst 1974.

**Október 1947:** Framkvæmdir hefjast við fyrsta áfanga fiskiðjuvers við Friðarhafnarbyggju með það að markmiði að byrjað að taka á móti fiski á næstu vetrarvertíð. Það tekst en þann vetur er eingöngu unninn saltfiskur.

**1950:** Fiskimjölsverksmiðjunni í Vestmannaeyjum breytt í hlutafélag en hún hafði verið rekin frá árinu 1913. Vinnlustöðin og Fiskiðjan koma inn í félagið 1953.

**1952:** Nafni Vinnslu- og söluviðstöðvar fiskframleiðenda breytt í Vinnlustöðin á aðalfundi félagsins og félaginu er breytt í hlutafélag.

**1953:** Vinnlustöðin byggir yfir sig Hvíta húsið við Strandveg. Þar er mötuneyti á jarðhæð og skrifstofur á efri hæðum. Núna á sextugsafmæli VSV er hins vegar meðal annars rekin vínbúð í Hvíta húsinu og starfrækt rannsóknasetur Háskóla Íslands á efri hæðum.

**1955:** Vinnlustöðin kaupir Gunnar Ólafsson & Co. Með fylgja tveir vertíðarbatar, verslunin Tanginn og vefnaðarvörubúð í Drifanda. Bátarnir eru fljótlega seldir og Drifandabúðin sömuleiðis. Tanginn varð stærsta matvöruverslunin í Eyjum og þar var afgreiðsla Eimskips og síðar Samskipa.

**1. nóvember 1959:** Sighvatur Bjarnason eldri tekur við sem stjórnarformaður og framkvæmdastjóri í stað Jóhanns Sigfússonar sem verið hefur stjórnarformaður og framkvæmdastjóri frá upphafi.

**1963:** Afkastahvetjandi launakerfi (bónus) tekið upp í Vinnlustöðinni og öðrum frystihúsum í Eyjum. Þetta bónuskerfi er hið fyrsta sinnar tegundar á landinu.

**24. apríl 1967:** Eldur kviknar í Fiskimjölsverksmiðjunni og hún skemmist mikið.

**1972:** Frystihúsin í Eyjum stofna Samfrost og sameinast þar meðal annars um vinnulauna- og bónusútreikninga.

**23. janúar 1973:** Gos hefst á Heimaey og öll starfsemi Vinnlustöðvarinnar leggst af. Byrjað er að flytja vélar, tól og tæki fyrirtækisins í land en það verk er stöðvað að undirlagi Sighvats Bjarnasonar, í andstöðu við stjórn Viðlagasjóðs.



Magnús Jónsson vélstjóri og Bergur Bjarnfreðsson.

**28. maí 1973:** Stjórn Vinnlustöðvarinnar hittist í Reykjavík og ræðir um möguleika á að hefja á ný fiskvinnslu í Eyjum. Í framhaldinu er byrjað að taka móti fiski til söltunar.

**23. október 1973:** Fiskvinnsla til frystingar hefst að nýju í Vinnlustöðinni.

**Nóvember 1974:** Stefán Runólfsson tekur við af Sighvati Bjarnasyni sem framkvæmdastjóri. Sighvatur gegnir áfram stjórnarformennsku til dauðadags 1975.

**1975:** Mötuneyti starfsfólks opnað í húsi Vinnlustöðvarinnar við Friðarhöfn. Þar eru líka teknar í gagnið verbúðir sem þykja bæði stórar og veglegar og eiga eftir að hýsa fjölda aðkomufólks á vertíð í Eyjum.

**1976:** Vinnlustöðin, Fiskiðjan og Ísfélagið stofna útgerðarfélagið Klakk og kaupa fyrsta togarann, Klakk.

**1977:** Fiskimjölsverksmiðjan kaupir togarana Sindra og Breka.

**1. janúar 1980:** Vinnlustöðin, Fiskiðjan, Ísfélagið og Fiskimjölsverksmiðjan stofna Samtog til að annast útgerð togaranna Klakks, Sindra og Breka. Félagið gerir samning 1981 um smíði tveggja skipa í Póllandi, Gideons og Halkions, sem komu til heimahafnar 1984.

**Ágúst 1983:** Tölvuöldin heldur innreið sína. Stjórn Vinnlustöðvarinnar samþykkir að kaupa sjálfvirk, tölvustýrt vigtunarkerfi og ári síðar ákveður stjórnin að félagið verði þátttakandi í sameiginlegu upplýsingakerfi fyrir frystihúsin í Eyjum ásamt Fiskiðjunni og Ísfélaginu.

**1987:** Ísfélagið fer út úr Samtogi og eignast Gideon og Halkion.

**1987:** Vinnlustöðin opnar eigið barnaheimili, Bjarnaborg, og rekur það næstu þrjú árin. Engin önnur dæmi eru fyrr eða síðar um einkastarfsemi af því tagi í Eyjum.

**31. desember 1987:** Björn Úlfljótsson ráðinn fjármálagalur framkvæmdastjóri og Viðar Elíasson ráðinn rekstrarlegur framkvæmdastjóri. Þeir taka við af Stefáni Runólfssyni framkvæmdastjóra.

**1989:** Vinnlustöðin eignast að fullu Lifrarsamlag Vestmannaeyja sem fram að því hefur verið sameign Vinnlustöðvarinnar, Ísfélagsins, Hraðfrystistöðvarinnar og Bergs-Hugins.

**1. janúar 1990:** Útgerðarfélagið Knörr hf. stofnað um útgerðarrekstur Vinnlustöðvarinnar.

**1990:** Samtog lagt niður. Vinnlustöðin eignast Breka en Fiskiðjan Sindra og Klakk.

**1. janúar 1992:** Fiskiðjan, Fiskimjölsverksmiðjan FIVE, Lifrarsamlagið, Gunnar Ólafsson & Co, Knörr og Vinnlustöðin sameinast undir nafni Vinnlustöðvarinnar hf.

**1. júlí 1992:** Sighvatur Bjarnason yngri ráðinn framkvæmdastjóri og tekur við af Birni Úlfljótssyni og Viðari Elíassyni.

**1992:** Vinnlustöðin leggur af verslunarrekstur á sínum vegum.

**1992:** Bjarni Sighvatsson og fjölskylda selja Íslenskum sjávarafurðum hf. hlut sinn í Vinnlustöðinni. ÍS, Olúfélagið hf. og Vátryggingafélag Íslands hf. verða þar með stærstu hluthafar félagsins.

**1994:** Vinnlustöðin segir sig úr Söluviðstöð hraðfrystihúsanna og felur Íslenskum sjávarafurðum og SÍF að annast afurðasölumál sín.



**30. desember 1996:** Meitillinn hf. í Þorlákshöfn og Vinnslustöðin sameinast undir nafni Vinnslustöðvarinnar hf.

**3. apríl 1997:** Vinnslustöðin sameinast útgerðarfélaginu Immanúel ehf. sem gerir út Danska Pétur.

**16. maí 1997:** Vinnslustöðin hf. selur togarann Sindra til Færeyja og gerist um leið þátttakandi í útgerð hans undir nafninu Guldrangur í samnefndu félagi.

**15. mars 1999:** Sighvatur Bjarnason, framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar hf., segir starfi sínu lausu. Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson tekur til bráðabirgða við sem framkvæmdastjóri. Hann hefur starfað hjá félaginu frá því síðla árs 1996, í fyrstu með aðsetur í Þorlákshöfn.

**Maí 1999:** Fjöldi starfsmanna VSV sagt upp störfum vegna viðvarandi rekstrarerfiðleika. 1. september 1999 mæta einungis 150 manns til vinnu hjá fyrirtækinu, helmingi færri en höfðu verið á launaskrá fyrr á árinu.

**29. júlí 1999:** Vinnslustöðin leggur af fiskvinnslu í Þorlákshöfn, selur Frostfiski hf. hús og tæki og eignast 40% hlut í því félagi.

**22. ágúst-23. nóvember 1999.** Viljayfirlýsing birt í ágúst um sameiningu Ísfélags Vestmannaeyja, Vinnslustöðvarinnar, Krossaness á Akureyri og Óslands á Hornafirði. Stjórn Vinnslustöðvarinnar samþykkir í nóvember að draga sig út úr viðræðum um sameiningu þessara félaga.

**10. febrúar 2000:** Gunnlaugur Ólafsson, Kristín Gísladóttir og aðrir eigendur Gandís ehf. undirrita viljayfirlýsingu um samruna undir nafni Vinnslustöðvarinnar hf. Félögin sameinast í júní 2000.

**28. mars 2000:** Kap ehf., félag í eigu Ísfélags Vestmannaeyja hf. og Bergs-Hugins hf., kaupir tæplega 15% hlut í Vinnslustöðinni.

**7. júlí 2000:** Sameiningarviðræður hefjast í annað sinn milli Vinnslustöðvarinnar hf. og Ísfélagsins en þeim er slitið 1. nóvember 2000.

**20. nóvember 2000:** Vinnslustöðin selur eignarhlut sinn í P/F Guldrangi sem gerði út samnefndan togara í Færeyjum og síðar í Rússlandi. Félagið tapar verulegum fjármunum á þessum rekstri.

**21. maí 2001:** Vinnslustöðin kaupir Jón Erlingsson ehf. í Sandgerði og sameinar félögin.

**Janúar 2002-desember 2002:** Ráðandi eignarhlutar Olúfélagsins í Vinnslustöðinni flytjast til Kers hf. og annarra félaga tengdum svokölluðum „S-hópi“. Í lok árs 2002 kaupa Haraldur Gíslason, Gunnlaugur Ólafsson, Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson og bræðurnir Guðmundur og Hjálmar Kristjánssynir frá Rífi ráðandi hlut í Vinnslustöðinni af Keri hf. og Samvinnulífeyrissjóðnum. Þar með er meirihluti eignarhalds í Vinnslustöðinni á forræði Vestmannaeyinga.

**30. júlí 2002:** Vinnslustöðin hf. kaupir 50% í Úndínu ehf., útgerð togbátsins Bjargar, sem sameinast síðar Vinnslustöðinni hf.

**6. nóvember 2003:** Ráðamenn Vinnslustöðvarinnar og Ísleifs ehf., sem á og gerir út samnefnt skip, undirrita viljayfirlýsingu um sameiningu félaganna og þau eru sameinuð í kjölfarið. Feður beggja eigenda Ísleifs, Leifs Ársælssonar og Gunnars Jónssonar, voru meðal stofnenda Vinnslustöðvarinnar.

**2003:** Vinnslustöðin gefur starfsmönnum sínum hlutabréf í félaginu að verðmæti 8,2 milljónir króna.

**2005:** Vinnslustöðin selur hlut sinn í Frostfiski hf. í Þorlákshöfn.

**2005:** Vinnslustöðin kaupir 48% hlut í Hugin ehf. sem á og gerir út samnefnt uppsjávarfrystiskip.

**Desember 2006:** Hluthafar í Vinnslustöðinni hf. eru alls 399. Stærstu hluthafar eru Seil ehf., Stilla ehf., Öxnafell ehf., Fjárfestingafélagið Tjaldur ehf., Leifur Ársælsson og Lífeyrissjóður Vestmannaeyja. Í stjórn félagsins eru Gunnar Felixson, formaður, Haraldur Gíslason, Hjálmar Þór Kristjánsson, Leifur Á. Leifsson og Sigurjón Óskarsson. Í varastjórn eru Guðmundur Kristjánsson og Kristín Gísladóttir.

**Desember 2006:** Vinnslustöðin fagnar sextugsafmæli, líflegri, sterkari og sprækari en nokkru sinni fyrr.



Bjarni Sighvatsson í brúnni á Erlingi VE.



Mjöll Kristjánsdóttir, Ásta Sigurbjörnsdóttir og Málhildur Sigurbjörnsdóttir við loðnuflokkun.



Arndís Pálsdóttir og Kristín Stefánsdóttir.



Loðna til beitu flutt flugleiðis til Reykjavíkur. Á myndinni sjást m.a. Ingi Þórarinnsson, Guðmundur Kristjánsson, ATH!



Stjórnendur Vinnslustöðvarinnar í desember 2006. Frá vinstri: Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson framkvæmdastjóri, Guðni Ingvar Guðnason útgerðarstjóri, Sigurjón Gísli Jónsson framleiðslustjóri, Stefán Baldvin Friðriksson aðstoðarframkvæmdastjóri, Þór Ísfeld Vilhjálmsson starfsmannastjóri, Hermann Kr. Jónsson yfirbókari, Sigurður Friðbjörnsson verksmiðjustjóri, Jakob Jónatan Möller verkstjóri, Ingibjörg Finnbogadóttir, fulltrúi framkvæmdastjóra, Ingi Árni Júlíusson verkstjóri, Sindri Viðarsson sjávarútvegsfræðingur og Jónas Bergsteinsson rafvirki. Á myndina vantar Andreu Elínu Atladóttur fjármálastjóra og Rúnar Vöggsson birgðastjóra.

## Framtíðin er björt auðnist okkur að vinna saman

### – Hvernig verður umhorfs í Vinnslustöðinni á sjötugsafmælinu 2016?

„Það hefi ég enga hugmynd um enda ekki betri spámaður en svo að daginn sem stjórn Vinnslustöðvarinnar réði mig til bráðabirgða í starf framkvæmdastjóra um miðjan mars 1999 sagði ég við konuna mína um kvöldið að ég yrði hættur fyrir jól. En úr hefur teygst og hér sit ég enn,“ svarar Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, best þekktur sem Binni í Vinnslustöðinni, þegar framtíðina í fyrirtækinu ber á góma í tilefni tímamótanna nú.

### – Ætlið þið til dæmis að fara að byggja yfir ykkur eða láta smíða ný skip?

„Líklegt er að margt muni breytast hér næsta áratuginn og einhver breyting og endurnýjun eigi sér til dæmis stað varðandi bæði húsakost og skipastól. Vinnslustöðin er orðin öflugt fyrirtæki og við ætlum auðvitað að styrkja innviði þess enn frekar. Það skiptir ekki aðeins máli fyrir eigendur og starfsfólk að reksturinn sé traustur og arðsamur heldur allt samfélagið í Eyjum. Hvorki Vinnslustöðin né önnur fyrirtæki geta verið myndarlegir bakhjarlar samfélags síns ef þau eru rekin með tapi! Framtíð þessa fyrirtækis ræðst af mörgum þáttum. Þannig geri ég mér vonir um að fiskistofnar við Ísland vaxi og dafni, einkum þorsstofninn. Sömuleiðis geri ég mér vonir um að unnt verði að auka tekjur í sjávarútvegi talsvert næstu 10 árin með öflugra markaðsstarfi. Ég ætlast líka til þess að illdeilum um sjávarútveginn og innan sjávarútvegsins linni. Líttu bara á hvernig fjármálageirinn í landinu blómstrar eftir að bankarnir komust undan pólitísku forræði!

Þar líta menn svo á að þeir séu á sama báti og eigi að róa í sömu átt. Auðnist okkur að vinna saman er framtíðin björt í sjávarútveginum.“

### – Þetta kann að hljóma sem eðlilegur hlutur en róa menn þá ekki í eina átt í sjávarútveginum?

„Nei! Stjórnendur sjávarútvegsfyrirtækja neyðast til að eyða bæði ótrúlega miklum tíma og orku í að verjast afskiptum og tilfærslum stjórnmalamanna og slást í frumskógi sem stjórnmalamenn hafa skapað með reglugerðum, höftum og forsjárhyggju í stað þess að verja öllum kröftum í sóknaraðgerðir, svo sem að vinna nýja markaði eða nýta betur þá markaði sem við höfum.“

### – Þú neitar þér nú ekki um það að vera sjálfur í slagnum með því að skrifa blaðagreinir og taka þátt í fjölmiðlahasarnum?

„Ég geri það bara af illri nauðsyn. Ef stjórnmaláöfl í landinu hefðu komist upp með jafnfáranlegar tillögur og til dæmis svokallaða fyrningarleidd aflaheimilda eða hugmyndir um gríðarháan auðlindaskatt væri landsbyggðin eitt flakandi sár.“

### – Geturðu sýnt fram á þetta með haldbærum rökum?

„Já, það hefi ég gert! Rekstur snýst um tölur og ég reikna mikið og set upp línurit og töflur, met stöðuna og líklega þróun í þessu fyrirtæki og í sjávarútveginum yfirleitt. Stjórnendateymið hér á bæ hefur góða yfirsýn og er daglega að reikna út, pæla og skipuleggja. Þannig reynum við vera tilbúin að grípa tækifæri í viðskiptum þegar þau gefast. Viðskiptatækifæri eru nefnilega sjaldan fyrirsjáanleg eins og svo margt annað í lífinu. Þá

er um að gera að vera vel undirbúinn og viðbúinn að láta til skarar skríða ef svo ber undir.“

### – Svo sjávarútvegurinn á sér framtíð?

„Svo sannarlega. Ef svo væri ekki ætti byggð í þessu landi sér ekki framtíð heldur. En við viljum vera frjáls og verðum að öðlast viðskiptafrelsi til að fá að dafna. Ég er afskaplega andsnúinn íhlutun og afskiptum ríkisins af atvinnustarfsemi.“

Margir tala niður til frumframleiðslugreina og segja að framtíðin sé fólgin í „þekkingariðnaði“. Einmitt! Sjávarútvegurinn hefur nú heldur betur gefið af sér þekkingar- og hátæknifyrirtæki og sækir sér þekkingu til að þroskast. Þetta er og verður þekkingaratvinnugrein. Sjávarútvegurinn krefst sérfræðikunnáttu og hugvits á ýmsum sviðum, til dæmis varðandi auðlindina sjálfa, rekstur fyrirtækja, verktækni, meðferð afla og markaðssetningu.

Einmitt núna er Vinnslustöðin að fara út í rannsóknir á humarveiðum að eigin frumkvæði í samstarfi við Háskóla Íslands til að fá meiri vitneskju um humarinn sem auðlind. Við ætlum að kanna hvort hægt sé að auka afraksturinn með því að breyta veiðiaðferðum en gæta þess jafnframt að umgangast þessa sjávarauðlind af virðingu og nærgætni. Þetta er ábyrgur sjávarútvegur í verki og tengist reyndar líka þeirri hugsun að nýtingarréttur útvegsmanna á fiskimiðunum verði að vera skýr líkt og nýtingarréttur bænda til upprekstrar á afrétti. Nýtingarrétturinn jafngildir óbæinum eignarétti sem nýtur verndar stjórnarskrár landsins. Sé þessi réttur skýr snúa útgerðarmenn sér að því að rækta garðinn sinn nákvæmlega eins og landeigendur.“